



Reglur Landsbankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Regla nr. 201811-0714-8 | Samþykkt í nóvember 2018 | Endurskoðun 2020 | Bankastjóri

Með reglum þessum vill Landsbankinn leitast við að uppfylla í hvívetna ítrustu kröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja á innlendum og alþjóðlegum vettvangi um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með áorðnum breytingum ásamt því sem þær eru byggðar á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 5/2014.

1. MARKMIÐ

Markmið reglna þessara er að leitast við að hindra að rekstur og starfsemi Landsbankans hf. eða dótturfélaga hans verði notaður til að þvætta fjármuni eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Reglur þessar gilda um alla starfsmenn Landsbankans hf. og dótturfélaga hans, eftir því sem við á.

2. PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Peningaþvætti er það þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Einnig telst það peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutning ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Fjármögnun hryðjuverka er það þegar aðili aflar fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

3. ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal framkvæmd áreiðanleikakönnun á viðskiptavini. Með áreiðanleikakönnun er átt við upplýsingaöflun og könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavin.

Áreiðanleikakönnun skal framkvæmd í eftirfarandi tilvikum:

- a) Við upphaf viðvarandi viðskiptasambands. Sem dæmi um tímamörk sem marka upphaf viðvarandi samningssambands má nefna:
 - i. Stofnun innlánsreiknings.
 - ii. Undirritun lánessamnings eða samnings um þjónustu.
 - iii. Undirritun samnings um eignastýringu.
 - iv. Undirritun samnings um einkabankaþjónustu.
 - v. Afhending greiðslukorts.
 - vi. Stofnun vörslureiknings vegna verðbréfavíðskipta.
- b) Í þeim tilvikum sem *einstök viðskipti* að jafnvirði 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum, skal kanna áreiðanleika viðskiptavinar. Hið sama á við þegar *gjaldeyriviðskipti* eiga sér stað að jafnvirði 1.000 evrur eða meira.
- c) Lægri fjárhæðir geta tengst hvor annarri og getur heildarfjárhæð viðskiptanna náð framangreindum 15.000 evra mörkum í viðskiptum. Telji starfsmaður að viðskipti fari fram í fleiri en einni færslu skal framkvæmd áreiðanleikakönnun í þeim tilvikum þegar fjárhæð hinnar einstöku færslu er að lágmarki 1.000 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

- d) Þegar grunur leikur á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til undanþága eða takmarkana af neinu tagi.
- e) Þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavin séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

4. FRAMKVÆMD ÁREIÐANLEIKAKÖNNUNAR

4.1. EINSTAKLINGAR

Afla skal persónuupplýsinga um viðskiptavin, m.a. nafn, kennitölu og lögheimili viðskiptavinar. Kanna skal hvort upplýsingar um lögheimili samræmist skráningu í Þjóðskrá. Ef heimilisfang er annað en lögheimili skal óskað upplýsinga um aðsetur. Þá skal afla upplýsinga um ríkisfang viðskiptavinar.

Til að staðfesta að framangreindar upplýsingar séu réttar skal viðskiptavinur sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja.

Þegar stofnað er til viðskipta við ófjárráða einstakling skal ávallt framkvæma áreiðanleikakönnun á viðkomandi einstaklingi eða forráðamanni hans eða nánnum aðstandanda sem stofnar framtíðarreikning í nafni hins ófjárráða, eftir því sem við á skv. verklagsreglum bankans.

Í tilviki einstaklinga með erlent ríkisfang er kannað hvort þeir séu í áhættuhóp. Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka metur þá hvort loka eigi á þau viðskipti sem stofnað hefur verið til.

4.2. LÖGAÐILAR

Krafist skal grunnupplýsinga um innlenda lögaðila, m.a. nafn (firmaheiti), kennitölu, aðsetur og pósthfang, símanúmer og netfang þar sem það á við og lagalegt form lögaðila. Einnig skal óskað persónuupplýsinga um tengilið félagsins, m.a. nafn og kennitölu. Ef lögaðili er ekki skráður á skipulegan verðbréfamarkað¹ skal afla upplýsinga um raunverulegan eiganda. Með raunverulegum eiganda er átt við einstakling (einn eða fleiri) sem í raun á starfseminna eða stýrir viðkomandi lögaðila t.d. í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum eða með yfirráðum yfir meira en 25% atkvæðisréttar.

Í þeim tilvikum þar sem óljóst er hvaða einstaklingur (eða einstaklingar) í raun eiga eða stjórna lögaðila skal afla viðbótarupplýsinga til að staðfesta hvort hægt sé að bera kennsl á raunverulegan eiganda lögaðilans. Upplýsingar sem ástæða getur verið til að kalla eftir eru m.a.:

- » Nánari upplýsingar um eignarhald á lögaðila.
- » Stofnsamningur og/eða samþykktir lögaðila.
- » Hluthafasamkomulag ef um hlutafélag er að ræða eða annað samkomulag milli eigenda eða stjórnenda lögaðila.
- » Hvort hlutum í hlutafélagi er skipt í flokka, þar sem einn hlutabréfaflokkur hefur meiri áhrif en aðrir.
- » Hvort tiltekinn aðili á veð í lögaðila og fer með atkvæðisrétt í viðkomandi lögaðila á grundvelli veðsins.
- » Aðrir samningar sem kunna að vera fyrir hendi og haft geta áhrif á stjórn lögaðila.

Leiði nánari athugun ekki til þess að borin séu kennsl á tiltekinn einstakling (eða einstaklinga) sem raunverulegan eiganda telst framkvæmdastjóri félagsins raunverulegur eigandi.

Þá skal einnig afla upplýsinga um alla stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og prókúruhafa lögaðila. Einnig skal krafist staðfestingar á því frá lögaðilanum hverjir megi skuldbinda lögaðilann.

¹ Samkvæmt lögum nr. 110/2007 um kauphallir

Afla skal afrits af samþykktum lögaðila og einnig skal óskað eftir afriti af síðasta ársreikningi. Þá skal afla skal frumrits af vottorði úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða staðfest endurrit þess. Vottorðið skal ekki vera eldra en þriggja mánaða gamalt. Útrentun úr hlutafélagaskrá á vef Credit Info telst fullnægjandi.

Í tilviki erlendra lögaðila skal afla skal frumrit vottorðs frá félagaskrá (e. Register of Enterprises) í viðeigandi landi um skráningu lögaðilans (e. Certificate of Incorporation) eða staðfest endurrit þess. Vottorðið skal vera eins nýtt og unnt er en þó aldrei eldra en þriggja mánaða. Ef framlögð gögn eru ekki auðsjáanlega frá sambærilegri stofnun og hérlandis skal afla staðfestingu á gildi þeirra, t.d. hjá sendiráði viðkomandi lögaðila. Afla skal afrits af samþykktum lögaðila og einnig skal óskað eftir afriti af síðasta ársreikningi. Til að ganga úr skugga um tilvist lögaðila getur verið nauðsynlegt að óska eftir upplýsingum um fyrri bankaviðskipti lögaðila (e. Bank reference).

4.3. UPPLÝSINGAR UM STJÓRNARMENN, FRAMKVÆMDASTJÓRA OG PRÓKÚRUHAFAR

Prókúruhafar lögaðila og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila gagnvart fjármálafyrirtæki, þar með taldir framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili með framvísun gildra persónuskilríkja. Jafnframt skulu sömu aðilar sýna fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir eigi þeir viðskipti fyrir hönd lögaðila.

4.4. FÉLAGASAMTÖK OG GÓÐGERÐARFÉLÖG

Krafist skal upplýsinga um tilgang félagasamtaka og góðgerðarféлага áður en viðskiptum er komið á. Þá skal afla upplýsinga um og sanna deili á ábyrgðarmönnum og þeim sem fara með stjórn í samtökunum og eigna þess. Einnig skal gengið úr skugga um hvort þeir sem koma fram fyrir hönd samtakanna eða góðgerðafélags hafi raun umboð til þess.

5. GILD SKILRÍKI

Gild persónuskilríki teljast skilríki sem gefin eru út af stjórnvöldum, íslenskum eða erlendum, eða eru viðurkennd af stjórnvöldum. Til gildra persónuskilríkja skulu teljast vegabréf, ökuskírteini, nafnskírteini og rafræn skilríki sem innihalda fullgild rafræn vottorð sem varðveitt eru á öruggum undirskriftarbúnaði. Skilríkin mega ekki vera útrunnin. Taka skal afrit af framvísuðum persónuskilríkjum. Framvísi viðskiptavinnur skilríki sem gefið er út af öðrum en stjórnvaldi en er viðurkennt af því verður að gera þá kröfu að skrifleg staðfesting stjórnvalds á gildi þess fylgi með. Frumrit af staðfestu endurriti lögbókanda (notarius publicus) af skilríki jafngildir frumriti þess.

Til að taka af tvímæli, þá teljast greiðslukort, hvort sem þau eru með mynd af korthafa eða ekki, ekki vera fullnægjandi persónuskilríki í skilningi þessara reglna.

6. NÁNARI UPPLÝSINGAR SEM ÁVALLT SKAL AFLA

Afla skal neðangreindra upplýsinga um fyrirhuguð viðskipti áður en viðskipti eiga sér stað:

- a) Upplýsingar um hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila:

Sá sem leitar eftir viðskiptum skal ávallt krafinn svara við því hvort hin fyrirhuguðu viðskipti hans við Landsbankann fari fram fyrir hönd þriðja aðila, hvort heldur sem er einstaklings eða lögaðila. Ef svo er, eða grunur leikur á að svo sé, skal viðskiptavinnur krafinn upplýsinga um það hver sá aðili sé og skal í því tilviki gætt ákvæða 4. greinar þessara reglna varðandi það hvaða upplýsinga ber að afla um þann aðila.

- b) Upplýsingar um tilgang viðskipta þar sem hann er ekki ljós:

Sá sem leitar eftir viðskiptum skal að jafnaði spurður um það hver tilgangurinn með viðskiptasambandinu er. Í flestum tilvikum liggur tilgangur viðskipta fyrir og má sem dæmi nefna stofnun eftirfarandi viðskiptasambanda:

- » Bílalán.

- » Samningur um lífeyrissparnað.
- » Vörslusamningur vegna verðbréfavíðskipta.
- » Eignastýringarsamningur.

7. VIÐSKIPTAVINIR SEM LÚTA EINFALDAÐRI ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Heimilt er að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun í einstökum tilvikum. Við einfaldaða áreiðanleikakönnun þarf ekki að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptavini. Ávallt skal þó skrá nafn einstaklings eða lögaðila, kennitölu og heimilisfang. Þá skal sá sem kemur fram fyrir hönd viðskiptavinar sanna að hann hafi til þess heimild og sanna á sér deili.

M.a. er heimilt að beita einfaldaðri áreiðanleikakönnun á eftirfarandi aðila:

- Fjármálafyrirtæki.
- Líftryggingafélög og samsvarandi lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir.
- Íslensk stjórnvöld. Hér er átt við aðila eða stofnanir sem hafa opinbert hlutverk eða verkefni, t.d. ríkisstjórn og ráðuneyti, undirstofnanir ráðuneyta og sveitarstjórnir.

8. ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN EKKI FRAMKVÆMD

Meginreglan er sú að reynist ekki mögulegt að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavini er óheimilt að stofna til viðskiptasambands við viðkomandi.

Hafi viðskiptavinur sem þegar er í viðskiptum ekki sannað á sér deili skal hann þá þegar gera það. Einnig skal aflað upplýsinga um raunverulegan eiganda, hafi slíkt ekki verið gert þegar stofnað var til viðskiptanna.

9. UNÐANÞÁGUR FRÁ ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Að jafnaði skal staðfesta deili á viðskiptavini í samræmi við 4. grein þessara reglna áður en samningssambandi er komið á. Í undantekningartilfellum og að fenginni heimild ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti má þó fresta því þar til samningssamband hefur stofnast í þeim tilvikum þar sem lítil hættu er talin á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Á þetta einkum og aðallega við í þeim tilvikum þar sem viðskiptavinur getur ekki vegna ómöguleika framvísað gildum skilríkjum eða er ókleift að vera á staðnum til að sanna á sér deili. Sem dæmi um slík tilvik má nefna viðskiptavini sem dvelja á sjúkrastofnun eða dvalarheimili. Þetta getur einnig átt við um orlofsreikninga og gjafareikninga, viðskiptavini sem hafa verið í löngu viðskiptasambandi við bankann, aldraðir viðskiptavinir og ófjárráða viðskiptavinir.

10. AUKNAR KRÖFUR UM UPPLÝSINGAÖFLUN

Í einstökum tilvikum getur verið nauðsynlegt að gera auknar kröfur í áreiðanleikakönnun. Aukin upplýsingaöflun getur falist í eftirfarandi:

- Hafi viðskiptavinur ekki þegar sannað á sér deili skal hann leggja fram ljósrit af gildum persónuskilríkjum sem staðfest hafa verið af lögbókanda (e. Notarius Publicus) eða öðrum viðurkenndum og virtum aðila í viðkomandi landi og skal bankanum afhent frumrit af slíkri staðfestingu.
- Þess er krafist að fyrsta greiðsla skuli gerð í nafni viðskiptavinar og af reikningi sem hann hefur þegar stofnað í viðurkenndu lána- eða fjármálafyrirtæki.
- Óskað er eftir upplýsingum um uppruna fjármagns.
- Óskað er eftir meðmælum frá viðskiptabanka tilvonandi viðskiptavinar í hans heimalandi (e. bank reference) sé viðskiptavinur einstaklingur með erlent ríkisfang.

- e) Óskað er eftir afriti af orkureikningi eða öðrum sambærilegum reikningi sem sannar lögheimili eða heimilisfang viðskiptavinar sé viðskiptavinur einstaklingur með erlent ríkisfang.

11. SÉRSTAKAR KRINGUMSTÆÐUR ER KREFJAST AUKINNAR UPPLÝSINGAÖFLUNAR

11.1. FJARSALA

Sé viðskipta óskað án þess að viðskiptavinur sé viðstaddur í eigin persónu til að sanna á sér deili við upphaf viðskipta skal gera auknar kröfur um upplýsingar um viðskiptavin. Sem dæmi um fjarsölu má nefna stofnun viðskipta í gegnum síma eða tölvupóst eða notkun annarra rafrænna fjarskiptamiðla í viðskiptum.

11.2. VIÐSKIPTI VIÐ EINSTAKLINGA Í ÁHÆTTUHÓPI VEGNA STJÓRN MÁLALEGRA TENGLA

Einstaklingum sem falin hafa verið mikilvæg opinber störf, nánustu fjölskyldumeðlimir þeirra og aðilar sem vitað er að séu nánir samstarfsmenn þeirra teljast til einstaklinga í áhættuhópi. Með mikilvægum opinberum störfum er í þessu sambandi átt við ædstu stjórnendur í stjórnslu og herjum, dómara og saksóknara, áhrifamikla stjórnmalamenn og háttsetta yfirmenn í ríkisfyrirtækjum.

Komi í ljós að aðili búsettur í öðru landi er leitar viðskipta tilheyrir áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla er starfsmanni Landsbankans óheimilt að hefja viðskipti við slíkan aðila fyrir en yfirmaður viðkomandi starfsmanns og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hafa veitt heimild sína fyrir því að viðskiptin fari fram.

11.3. MILLIBANKAVIÐSKIPTI

Starfsmönnum Landsbankans er óheimilt að framkvæma millibankaviðskipti fyrir en yfirmaður viðkomandi starfsmanns og ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hafa veitt heimild sína fyrir því að viðskiptin fari fram. Með millibankaviðskiptum er átt við það þegar banki veitir öðrum banka þjónustu í formi greiðslujöfnunar, lausafjárstýringar, skammtímalánveitinga eða fjárfestinga o.fl.

Óheimilt er að stofna til eða halda áfram viðskiptatengslum við skelbanka, eða hvert það fjármála fyrirtæki sem þekkt er af því að leyfa skelbanka að nota reikninga sína í því skyni að eiga eða geta átt viðskipti.

12. UM VIRKT EFTIRLIT MEÐAN Á SAMNINGSSAMBANDI STENDUR

Á meðan á samningssambandi viðskiptavinar við Landsbankann stendur skulu viðskipti hans sæta reglubundnu eftirliti. Gæta skal þess að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavin á hverjum tíma séu réttar. Upplýsingar um viðskiptavin skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað eftir því sem þörf krefur.

13. UM TILKYNNINGARSKYLDU Á GRUNSAMLEGRI HÁTTSEMI VIÐSKIPTAVINA OG RÁÐSTAFANIR HENNI TENGÐAR

13.1. FRAMKVÆMD GRUNSAMLEGRA VIÐSKIPTA

Grunni starfsmann Landsbankans, eða hafi hann réttmæta ástæðu til að ætla að fjármunir þeir sem ætlun viðskiptavinar stendur til að fari um hendur bankans séu ágóði af ólögum háttsemi eða tengist fjármögnun hryðjuverkastarfsemi skal tryggt að viðskiptavini sé ekki neitað um framkvæmd viðskiptanna eða hann á annan hátt varaður við. Ef mögulegt er skal ekki framkvæma viðskiptin fyrir en ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti hefur heimilað slíkt.

13.2. UM TILKYNNINGU TIL ÁBYRGÐARMANNS AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI

Öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti, tilraunir til slíkra viðskipta eða grunsamleg háttsemi viðskiptavina, skulu tafarlaust tilkynnt ábyrgðarmanni aðgerða gegn peningaþvætti hjá Landsbankanum. Sem dæmi um grunsamlega háttsemi viðskiptavina má nefna:

- » Viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af viðskiptum viðskiptavinarins.
- » Þegar viðskiptavinur gefur ótrúverðugar upplýsingar.
- » Ef um háar fjárhæðir er að ræða þar sem greitt er með reiðufé.
- » Viðskipti sem ekki virðast hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang.

13.3. ATHUGUN ÁBYRGÐARMANNS AÐGERÐA GEGN PENINGAÞVÆTTI Á GRUNSAMLEGUM OG ÓVENJULEGUM VIÐSKIPTUM

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti leggur mat á það hvort ástæða sé til að tilkynna til peningaþvættisskrifstofu héraðssaksóknara um grunsamleg viðskipti eða viðskiptatilraun. Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti ber ábyrgð á því að allar kringumstæður slíkra viðskipta séu gaumgæfilega kannaðar og að niðurstöðum þeirrar könnunar sé komið til yfirvalda samhliða tilkynningu um viðskiptin. Sé hins vegar ekki talin ástæða til slíkrar tilkynningar eru niðurstöður athugunar ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningaþvætti varðveittar.

13.4. TILKYNNING TIL PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU HÉRAÐSSAKSÓKNARA

Telji ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti að rökstuddur grunur leiki á eða réttmæt ástæða sé til að ætla að viðskipti tengist broti af þeim toga sem skilgreint er í 2. grein þessara reglna tilkynnir hann peningaþvættisskrifstofu héraðssaksóknara um þau viðskipti eða tilraun til viðskipta.

14. ÞAGNARSKYLDA

Stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu Landsbankans er skylt að sjá til þess að viðskiptavinur eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að peningaþvættisskrifstofu héraðssaksóknara eða öðru lögbæru stjórnvaldi hafi verið sendar upplýsingar eða að rannsókn vegna gruns um peningaþvætti kunni að verða hrundið af stað.

Jafnframt er sömu aðilum óheimilt að láta viðskiptavin vita eða á annan hátt gefa honum til kynna að viðskipti hans sæti athugun í tilefni tilkynningar frá öðrum aðila, fái þeir vitneskju um slíka athugun.

15. UM SKYLDUR LANDSBANKANS GAGNVART STARFSMÖNNUM

Landsbankinn sér til þess að upplýsingum um það hvaða starfsmaður það var sem tilkynnti um grunsamleg viðskipti viðskiptavinar er haldið leyndum og er nafni hans haldið leyndu m.a. í tilkynningum til peningaþvættisskrifstofu héraðssaksóknara eða annarra lögbærra aðila, nema brýn nauðsyn krefji.

Ef svo ber undir gerir bankinn jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn, sem að tilkynningu um viðskipti viðskiptavina koma, fyrir hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum viðskiptavina í kjölfar slíkrar tilkynningar.

16. ÞJÁLFUN STARFSMANNA

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningaþvætti sér til þess að öllum starfsmönnum standi til boða viðhlítandi þjálfun í þeim aðgerðum til varnar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem bankinn viðhefur á hverjum tíma. Slíkri þekkingu og þjálfun skal við haldið og skal hún miðast við þá tækni og aðferðir sem vitað er að notaðar eru við peningaþvætti á hverjum tíma. Starfsmenn þurfa árlega að standast að fullu próf í aðgerðum Landsbankans gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Framkvæmdastjórar einstakra sviða bankans skulu sjá til þess að starfsmenn sæki þær kynningar og námskeið um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem boðið er upp á í framangreindu skyni eftir því sem við á.

16.1. ÞJÁLFUN FYRIR STARFSMENN SEM ERU Í BEINUM SAMSKIPTUM VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Að minnsta kosti einu sinni á ári er skipulögð sérstök þjálfun fyrir starfsmenn í framlínu. Á þeim kynningum er farið yfir lög og reglur um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, hvaða gagna skuli aflað við upphaf viðskipta, áframhaldandi eftirlit með viðskiptum viðskiptavina, hvert beri að tilkynna grun um peningabætti, hvernig skuli staðið að samskiptum við viðskiptavini í tilefni slíkrar tilkynningar og hvaða skyldur hvíla á starfsmönnum skv. reglum þessum og peningabættislöggjöf. Þessir starfsmenn skulu hljóta sérstaka þjálfun er auðveldar þeim að staðreyna hvaða viðskipti gætu tengst peningabætti.

Yfirmenn starfsmanna í framlínu skulu eftir þörfum óska eftir fræðslu sjái þeir ástæðu til.

16.2. ÞJÁLFUN FYRIR AÐRA STARFSMENN

Aðrir starfsmenn Landsbankans skulu reglulega sitja námskeið þar sem rifjaðar eru upp reglur bankans í þessum efnunum, sem og gildandi löggjöf um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

16.3. ÞJÁLFUN FYRIR NÝJA STARFSMENN

Við upphaf starfs skal kynna nýjum starfsmanni reglur bankans er lúta að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

17. UM ÖRYGGI VIÐ RÁÐNINGU STARFSMANNA

Landsbankinn skal við ráðningu starfsmanna tryggja að þeir standist fyllstu hæfiskröfur. Verklag við ráðningu starfsmanna skal m.a. gera ráð fyrir heimildum til að kanna náms- og starfsferil umsækjenda, fjárhagsstöðu þeirra, sakaferil og aðra þætti sem til álita koma við mat á því hvort þeir séu í aðstöðu sem eykur hættuna á því að þeir verði handbendi aðila sem leggja stund á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.

18. ÚRRÆÐI GEGN STARFSMÖNNUM SEM SINNA EKKI STARFSSKYLDUM SÍNUM

Brjótí starfsmaður gegn reglum bankans, er lúta að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, án réttmætrar ástæðu getur regluvörður veitt honum áminningu eða gripið til annarra viðurlaga í samræmi við eðli brotsins. Áminning er veitt í samráði við mannauðsstjóra.

Greint er frá broti starfsmannsins og eðli brotsins í skýrslu ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti til bankastjóra.